

Fundargerð (59)

Fundur haldinn í húsnæði ríkissáttasemjara, Borgartúni 21 fimmtudaginn 20. október 2022, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Rakel Guðmundsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Sigurjón Norberg Kjærnested
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.
Fundarstjóri: Bára Hildur Jóhannsdóttir

Bára Hildur skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

- 1. Matshópur.** Kolbeinn gerði grein fyrir vinnu matshóps. Ellefta framvinduskýrsla hefur verið birt. Hún innifelur ný gögn frá SFV og litakóða frá Reykjavíkurborg, ríki og SFV er varðar viðbragð við einstaka breytum. Upplýst er um að niðurstöður spurningakönnunarinnar séu komnar og er matshópur að rýna í niðurstöður hennar og áreiðanleika, m.a. vegna þess að svarhlutfall var um 20%. Matshópur hefur nú þegar óskað eftir samantektarskýrslu frá Gallup og kynningu.

Umræða er m.a. um:

- Fá kynningu frá Gallup um niðurstöður könnunar á næsta fundi stýrihóps. Einar Mar mun hafa samband við fulltrúa Gallup vegna þessa.
- Greina niðurstöður frekar eftir launagreiðendum og vinnustöðum og mikilvægi þess að fá samanburð fyrstu sex mánaða verkefnisins (maí til des 2021) við sama tíma ári síðar (maí til des 2022) til að hægt sé að rýna hvort breytingar hafi átt sér stað.
- Athygli vekur hækkun á launakostnaði hjá Reykjavíkurborg síðustu 2 mánuði. Sömuleiðis vekur það athygli hvað vaktahvati er lágur hjá SFV.
- Spurningar vakna hvort hægt sé að gera meira niðurbrot á gögn Reykjavíkurborgar á velferðarsviði. Rakel mun skoða hvort hægt sé að rýna gögn Reykjavíkurborgar nánar og hvort hægt sé að horfa á gögnin með tilliti til þjónustunnar, s.s. hjúkrunarheimila.

- 2. Fundargerð** síðasta fundar 22. september 2022, var samþykkt án athugasemda.

- 3. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu, dags. 22. október 2022, sem lá fyrir í gögnum fundarins. Gerði hún grein fyrir helstu viðfangsefnum og samskiptum verkefnastjórnar frá síðasta fundi.

Umræða er um ábendingar sem fulltrúar stýrihóps hafa fengið er varðar áform ríkisstofnunar um að festa vaktahvata þvert á markmið og leiðarljós verkefnisins. Fulltrúum ríkisins falið að skoða málið og hafa samband við fagráðuneyti. Enn fremur eru ábendingar af vinnustað utan opinberra launagreiðenda (Samningur við SÍ) þar sem allir fá hæstan vaktahvata óháð unninni vinnu. Þarfnast frekari skoðunar.
- 4. Eftirfylgni BVV.** Bára Hildur (BHJ) fór yfir drög að dagskrá vinnufundar með þjóðfundarsniði. Niðurstöður um að bæta við tveimur reynslusögum. Vinnustofan með þjóðfundarsniðinu verður haldin 2. nóvember
- 5. Regluleg laun á þjálfunartíma.** Inga Rún hefur inngang að efninu er varðar Slökkvilið- og sjúkraflutninga höfðuborgarsvæðisins (SHS) og greiðslur sem greiddar voru á þjálfunartíma fyrir upptöku BVV.

Umræða er um að samkvæmt kjarasamningum skuli greiða í samræmi við unninn tíma.

Niðurstöður stýrihóps eru að laun skuli greiða í samræmi við staðinn/unninn tíma og eftir fylgiskjali 3 hjá sveitarfélögum (fylgiskjal 2 hjá öðrum). Fulltrúi SNS er beðinn um að benda fulltrúum SHS á að hafa samband við fulltrúa RLS vegna sambærilegrar þjálfunar og hvernig farið sé með greiðslur á þeim vinnustað.

Stýrihópur telur mikilvægt að stofnun sem ætlar að greiða umfram kjarasamning gæti samræmis í vaktaálagi og vaktahvata. Enn fremur er rætt um mikilvægi þess að yfirborganir séu greiddar í öðru formi en að átt sé við vinnutíma.
- 6. Önnur mál.** Fíh óskar eftir stuttri umræðu um talningu veikindadaga barna eftir innleiðiningu BVV og áhrif kerfisbreytingarinnar á talningu í Vinnustund. Vinnustund telur veikindadaga bara í formi klukkustunda en ekki daga. Útreikningur þessi hefur orðið til þess að réttur starfsfólks í formi daga hefur breyst. Fulltrúar ríkis munu hafa samband við FJS vegna málsins og fá skýringar. BHJ mun hafa samband við fulltrúa kerfanna MTP og Tímon og fá upplýsingar um útreikninga m.t.t. veikindadaga barna.

Fundi slitið kl. 16.00. Næsti fundur verður 29. nóvember. Fundargerð er aðgengileg á Teams.